



VEÐURSTOFA
ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík

Dags.: 22. mars 2002
Tilv.: 012/4486/MJ/KG

*Alþingi
Erindi nr. P 127/1521
komudagur 26.3.2002*


Efni: Umsögn Veðurstofu Íslands við frumvörp til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, tækniþróun og vísindarannsóknir svo vísinda- og tækniráð.

Veðurstofan fagnar þessum frumvörpum og þeim áherslum og markmiðum sem þar eru kynnt. Verður ekki annað séð að þar sé verið að styrkja verulega allt rannsóknasviðið í landinu og auka veg þeirrar starfsemi innan stjórnkerfisins og samfélagsins alls. Veðurstofan gerir því ekki athugasemdir við þau meginatriði og stefnu sem fram koma í frumvörpunum. Hins vegar vill hún vekja athygli á tveimur atriðum sem huga mætti að í meðförum Alþingis.

Í fyrsta lagi virðist Veðurstofunni að ekki sé alltaf skýrt hver eigi að fara með yfirstjórn og framkvæmdalega ábyrgð á ýmsu því sem þarna er byggt upp. Einkum sýnist þetta geta orðið óskýrt milli menntamálaráðuneytis og iðnaðarráðuneytis. Sömuleiðis virðist staða forstöðumanns þjónustumiðstöðvar vísindarannsókna gagnvart sjóðsstjórnnum fjögurra sjóða annars vegar og ráðherra hins vegar geta verið óljós.

Í öðru lagi sýnist ljóst, að aðkoma iðnaðarráðuneytis sem eins atvinnuvegaráðuneytanna að þessum málum, byggist fyrst og fremst á þeirri staðreynd, að við löntæknistofnun, sem heyrir undir iðnaðarráðuneyti, hefur um alllangt skeið verið starfrækt nýsköpunarmiðstöð fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Þótt þar sé um merka nýjung og starfsemi að ræða telur Veðurstofan að ekki sé sjálfgefið að skipuleggja stjórn og opinberan stuðning við vísindarannsóknir, tækniþróun og nýsköpun á þessum forsendum og dreifa þannig heildarstjórn málaflokksins á tvö ráðuneyti í stað menntamálaráðuneytisins eins.

Virðingarfyllt


Magnús Jónsson
veðurstofustjóri

BÚSTAÐAVEGUR 9, 150 REYKJAVÍK
SÍMI 522 6000 – FAX 522 6001
NETFANG office@vedur.is